

# Pési



## Lesið þetta

- Haustið tími lífsleikni og lýðheilsu.
- Afmæli
- Auglýsingar
- Kórastarf
- Fjallskilamál

Næsti Pési kemur út 12. okt. Skil á efni er 9. okt.

## Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Glæsimeri	3
Finnlandsferð	6
Dans	15
Símenntun	20
Í hringiðunni	24

## Sept 2007

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Ísólfur Gylfi Pálmason  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - [svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

17. árgangur. 208. tölublað. [pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is). Sími.480 6600

## Sumarhúsin í Götu tilnefnd

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur tilnefnt frístundabyggðina í Götu til Íslensku byggingalistaverðlaunanna – en þau verða veitt í fyrsta sinn 20. október n.k. Það er arkitektastofan ASK sem hefur teiknað og skipulagt sumarhúsabyggðina undir stjórn Valdimars Harðarsonar arkitekts sem er hugmyndasmiður þessarar byggðar. Gata er frístundabyggð, þar sem skipulag, landslagshönnun og hönnun húsa er samvinnuð. Þar eru 8 skipulagðar frístundalóðir sem eru u.þ.b. 3.5 hektarar með sameiginlegum skógræktarsvæðum og hrossabeit. Þessi byggð hefur einnig verið tilnefnd til evrópskra arkitektaverðlauna. Nú er bara að bíða og sjá hvort þessi tillaga fellur ekki í góðan jarðveg dómnefndar.

## Haustið tími lífsleikni og lýðheilsu!

Svo sannarlega hefur hver árstími sín sérkenni. Haustið er þar engin undantekning, síður en svo. Fólk greinir oft á um það hvaða árstími er skemmtilegastur en víst er að haustið getur verið einkar fallett og skemmtilegt með fjölbreytilegum haustlitum, fjallferðum, uppskerutíma, skólagöngu o.fl. mætti nefna. Breytingar á þjóðfélaginu okkar eru svo hraðar að við eigum fullt í fangi með að fylgjast með þeim eða fylgja þeim eftir. Ýmislegt í tækninni er þess efnis að okkur gat ekki dreymt um það fyrir 10 til 15 árum að þróunin yrði svo ör sem raun ber vitni. Breytingar þessar eiga sér stað á nær öllum sviðum. Þetta á ekki bara við um síma- og tölvutækni og aðferðir til að fanga huga okkar með auglýsingum. Breytingarnar hafa áhrif á hegðun okkar í hinu daglega lífi. Ný orðtök eru notuð um það sem okkur þykir e.t.v. sjálfsagt mál s.s. lýðheilsa, lífsleikni, kynjafræði o.m.fl. En það er gaman að velta þessum hugtökum fyrir sér. Hluti af lífsleikni er að taka þátt í hvers konar félagsstarfi sem þroskar okkur og tengir saman fólk með m.m. áhugamál. Samfélag okkar byggir upp á því að fólk taki þátt í félagsstarfi, félagsstarfið er þroskandi og með þeim hætti er hægt að hafa mikil áhrif á samfélag okkar. Hér í sveit er félagslynt fólk og ótrúlega margir sem leggja mikið á sig til þess að gera gott samfélag betra. Nefna má fjölmörg félög sem hér starfa s.s. kvenfélag, ungmennafélag, kiwanisklúbbur, björgunarfélag, búnaðarfélög, skógræktarfélag, félag aldraðra, virkar sóknarnefndir, áhugafólk um uppbyggingu sæluhúsa, öflugt fólk sem tekur þátt í sveitarstjórnarmálum o.m.fl. mætti nefna. Söngmenningin er hér ævaforin og einmitt í þessu blaði kemur fram að tveir kórar eru að hefja starfsemi sína. Þetta er ekkert annað en lífsleikni. Annað hugtak sem mikið er rætt um er lýðheilsa. Í nútímanum höfum við búið okkur til ýmis lúxusleyndarmál m.a. það að við hreyfum okkur of lítið, borðum óhollan mat og drekkum kalóriuríka vökva o.m.fl. mætti nefna. Hér rekur sveitarfélagið sundlaug, íþróttahús þar sem er hinn þokkalegast tækjasalur svo ekki sé talað um fallett umhverfi þar sem gaman er að ganga, hjóla eða hlaupa. Hér eru líka íbúar sem hafa af miklum myndarskap skipulagt gönguferðir og merkt gönguleiðir. Þetta er til mikillar fyrirmyndar og ber að þakka, í þessu felst hvatning fyrir okkur að nýta okkur alla þessa möguleika.

Haustið er einmitt tíminn til þess að huga að lífsleikninni við erum aldrei of gömul til þess að leika okkur. Lýðheilsan skiptir og máli lífsleiknin er einmitt hluti af henni eftir óvenjugott sumar er um að gera að byggja okkur upp fyrir veturinn!

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri.

## Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

### Fjör og fjöldi fólks í réttunum

Hrunaréttir eru á morgun og hefjast kl. 10.00 Búið er við miklum fjölda fólks bæði heimamanna og gesta. Þannig hefur sendiherra Kína og fylgdarlið boðað komu sína, sem og Baldvin Jónsson, markaðsstjóri með fjöldann allan af áhugasömum Bandaríkjamönnum. Þessir gestir hefja heimsóknina á Hótel Flúðum hjá Margréti og Guðmundi hóteltjórum en markmið er að kynnast réttarstemningunni í Hrunaréttum. Harðsnúið lið sænskra kokka munu einnig fylgjast með hvort féð er vel fram gengið. Þá munu eldri borgarar úr Rangárþingi koma í réttirnar og fara í réttarsúpu í Snússu. Hvort allt þetta góða fólk fjölmenni á Útlagann um kvöldið á eftir að koma í ljós. Að vanda verða stofnanir hreppsins lokaðar á réttardaginn.

### Glæsimeri í Haukholtum

Þeim Magnúsi og Þorsteini bræðrunum í Haukholtum er margt til lista lagt þó að þeir séu e.t.v. ekki eins góðir kokkar og systir þeirra Berglind. Þeir eru miklir áhugamenn um sauðfjárrækt eins og margoft hefur komið fram. Þeir eru einnig miklir áhugamenn um hesta og hrossarækt. Á dögunum brugðu þeir sér á síðsumarsýningu kynbóta hrossa á Gaddstaðflötum á vegum Búnaðarsambands Suðurlands, með meri í meira lagi fallega sem lenti í efsta sæti í sínum flokki. Merin heitir Elding er fimm vetra, hún fékk 8.20 fyrir sköpulag 8.69 fyrir hæfileika eða 8.50 í aðaleinkunn. Að sögn Magnúsar ætla þeir bræður ekki að selja merina heldur fara með hana á landsmót sem verður á Gaddstaðflötum næsta sumar. Elding er undan Hrynjanda frá Hrepphólum. Móðir Eldingar er undan Tvisti frá Kotlaugum – eins og sjá má er þetta hreinræktuð hreppameri. Þetta ýtir nú enn frekar undir reiðhallarbyggingu fyrir Eldingu og alla hina hestana í Eystri- og Ytrihrepp. Sá sem þetta skrifar stóð einhverra hluta vegna í þeirri meiningu að bestu hestarnir kæmu af Njáluslóð!

## **Fannarsmenn ekki dauðir úr öllum æðum**

Félagar í Ferðaklúbbnum Fannari brugðu undir sig betri fætinum á dögunum og klæddu sæluhús sitt með bárujárnri af bestu gerð. Sæluhúsið Klakkur er sunnan undan Kerlingafjöllum, en örnefnið Klakkur helgast af sjálfstæðum tindi í Kerlingafjöllum. Þeir fyrirhuga aðra ferð áður en langt um líður til þess að ljúka verkinu. Júlíus Sveinsson er yfirsmiður en með honum í för voru fjöldi lagtækra manna þar á meðal Sigurður Jónsson í Ásgerði sem er ritari félagsins.

## **Gömul og virt sumarhús í Hreppnum**

Mikið er byggt af frístundahúsum í Hrunamannahreppi eins og reyndar víðar á landinu. Til gamans má geta að gömul hefð er fyrir að frístundahús eða sumarbústaðir hafi verið byggð hér í hreppnum. Þar má nefna gamlan sumarbústað í Núpstúni, sem dóttir Þorsteins Erlingssonar byggði. Sumarhús Einars Jónssonar í Galtafelli en Bjarni Stefánsson og fjölskylda hans létu gera þennan merkilega bústað upp af miklum myndarskap fyrir nokkru. Þá má nefna bústað í landi Högnastaða en það hús er í eigu Jóns Hermannssonar en hann á líka tvö skemmtileg ljóð í þessum Pésa sem hann yrkir til vina sinna Ásgæirs á Kaldbak og Eiríks í Silfurtúni en þessir höfðingjar áttu stórafmæli á árinu. Til gamans má geta þess að Eiríkur er einnig gamall ritstjóri Pésans. Gaman væri ef fróðir menn gaukuðu sögum þessara bústaða til okkar á hreppsskrifstofunni, því það er gaman að varðveita þessa sögu í frístundaparadísinni í Hrunamannahreppi.

## **Vegagerðin býður út.**

Í haust býður Vegagerðin út framkvæmdir hér í hreppnum. Annars vegar er hér um að ræða tengingu Skeiða- og Hrunavegar efst í hreppnum og hins vegar breytingu á veginum um hlaðið í Syðra-Langholti. Báðar þessar framkvæmdir eru mjög brýnar og verður af þeim mikil samgöngubót. Í beinu framhaldi af þessum framkvæmdum er brýnt að halda vegaf framkvæmdum áfram hér. Verkefnið er ærin t.d. er gríðarlega mikil umferð á veginum fyrir Langholtsfjall og í bígerð er að pressa enn frekar á framkvæmdir þar m.a. meðal sumarhúsaiegenda og íbúa hreppsins sem nýta þennan veg.

## **Aðalskipulagsbreytingar í Hrunamannahreppi.**

Á hreppsnefndarfundum í síðustu viku var lokahönd lögð á Aðalskipulagsbreytingar í Hrunamannahreppi. Einhverjir reka sjálfsagt upp stór augu þar sem það er til þess að gera stutt síðan að Aðalskipulag Hrunamannahrepps var samþykkt. Hins vegar á aðalskipulagið að vera lifandi plagg og er ekki ósennilegt að í þeim miklu breytingum sem eiga sér stað hér í hreppnum að það þurfi að breyta aðalskipulagi u.þ.b. einu sinni á ári. Helstu breytingar má sjá á heimasíðu hreppsins fludir.is og eru fólgnar í stækkun þéttbýlismarka á Flúðum, gert er ráð fyrir fjórum nýjum íbúðasvæðum á 43 ha. svæði vestan við fyrirhuguð ný tjaldsvæði, þá er gert ráð fyrir nýjum tjaldsvæðum á um 15 ha. svæði, gert er ráð fyrir nýju opnu svæði til sérstakra nota á Lambhaga og óbyggðs svæðis fyrir reiðhöll og skeiðvöll, árfarvegi Litlu-Laxár verði breytt þannig að hann færir nær íbúðasvæðinu í Hofatúni, iðnaðarsvæði breytist í blandaða landnotkun iðnaðar- og athafnasvæðis. Auk þess eru gerðar breytingar í greinargerð þar sem stefna um landbúnaðarsvæði er gerð skýrari auk þess sem bætt er við ákvæðum vegna frístundabyggðasvæða. Hreppsnefnd samþykkti á fundi sínum þessar breytingar og felur skipulagsfulltrúa okkar Pétri Inga Haraldssyni að svara þeim athugasemdum sem borist hafa vegna þessara breytinga.

## **Afskráning bíla.**

Eins og flestir vita er skilagjald á gömlum bílum sem eru afskráðir. Til þess að allt fari samkvæmt bókinni er nauðsynlegt að hafa samband við Tómas Þóri Jónsson og fá hjá honum vottorð. Ef viðkomandi gera

## **Vetrarstarf Vörðukórsins að hefjast.**

Vörðukórinn blæs nú í sönglúðra sína en fyrsta æfing verður miðvikudaginn 19. september. Nýr stjórnandi tekur við kórnum en það er Rangæingurinn Eyrún Jónasdóttir frá Kálfholti í Ásahreppi. Eyrún er reyndur og góður kórstjórnandi. Vörðukórinn auglýsir einnig eftir nýju söngfólki og eru söngáhugamenn hvattir til þess að taka þátt í þessu þroskandi og skemmtilega starfi sem kórsöngur er. Fyrsta æfingin verður í Brautarholti á Skeiðum.

## **Forframaðir kennarar, starfsmenn og nemendur!**

Í upphafi skólaárs fóru flestir kennarar skólans og margir starfsmenn hans til Finnlands. Finnar hafa getið sér mjög gott orð með framúrskarandi menntakerfi. Ferðir sem þessar auka víðsýni fólks og eru í alla staði uppbyggjandi og fræðandi. Nemendur 10 bekkjar eru einnig nýlega komnir frá Danmörku en hefð er komin fyrir samskiptum 10 bekkinga Flúðaskóla við danska jafnaldra. Anna Ásmundsdóttir dönskukennari er okkar kona í þessum samskiptum. Allt þetta minnir okkur á hve við lifum í breyttum heimi þar sem fjarlægðir eru alltaf að stytast. Garðyrkjubændur hér sækja einnig mjög til Finnlands og Hollands til þess að tileinka sér nýjungar í garðyrkju. Í gamla daga var fjallferðin manndómsvígslan og er á vissan hátt enn – hins vegar sækjum við enn nú lengra í leit að ljósi og sannleika. Oft er það þannig að við kunnum betur að meta það sem við eigum þegar við ferðumst um framandi lönd.

## **Nýr leikskólastjóri**

Leikskólastarfið á Undralandi fer vel af stað undir styrkri stjórn Eydísar Helgadóttur, leikskólastjóra og Halldóru Halldórsdóttur aðstoðarleikskólastjóra. Þær eru báðar gamalreyndir starfsmenn hreppsins en eru báðar nýjar í þessum stjórnunarstörfum. Þess má þó geta að Eydís var aðstoðarleikskólastjóri áður. Miklu máli skiptir leikskóla- og skólastarfið hjá okkur. Þetta er í rauninni undirstaða alls náms og starfs þó aldrei megi gleyma uppeldishlutverki foreldra en þar liggur allur grunnurinn. Við leggjum mikla áherslu á gott samstarf foreldra og skóla því hvor getur ekki án hins verið.

## **Egilsstaðir frárennismál**

Fulltrúar Hrunamannahrepps brugðu sér til Egilsstaða til þess að kynna sér fráveitumál og á hvern hátt hefur verið gengið frá fráveitumálum í þeim bæ. Þar hafa verið þróaðar ákveðnar aðferðir varðandi hreinsistöðvar frárennslis og er freistandi fyrir okkur að tileinka okkur eitthvað af þeirri tækni sem notuð er þar og á Hallormsstað. Á Egilsstöðum tók á móti okkur Óskar Vignir sem rekur fyrirtækið Bólholt og sér um þessi mál í þeim bæ. Hann hefur einnig heimsótt okkur hingað á Flúðir til þess að kynna sér aðstæður. Framkvæmdir við frárennslis lögn vegna iðnaðar, tjald- og íbúðasvæða miðar nokkuð vel áfram. Framkvæmdin er heilmikil og sumstaðar hefur landið sem grafið er í verið blautt og erfitt yfirferðar.

## **Flugferð með Maggnúsi**

Maggnús Víkingur er sannkallaður víkingur. Nú er í burðarliðnum hjá honum að reisa myndarlegar bjálkahallir á landi sínu við Flúðir. Harri Kjartansson, trésmíðameistari er sérfræðingur í bjálkahúsbyggingum hefur m.a. reist skíðaskálann í Hveradölum og hús Árna Johnsen í Vestmannaeyjum. Maggnús er einnig slyngur flugkappi. Hann bauð sveitarstjóranum í útsýnisflug einn góðviðrisdaginn í haust. Sveitarstjóri bar sig vel þótt samstarfsfólk hans á hreppsskrifstofunni hefði þótt hann ansi fögur þegar hann kom til vinnu á ný og einhverjir veltu fyrir sér afköstum hans eftir flugið. Hins vegar er óumræðilega fallett að fljúga yfir Hrunamannahrepp og kemur þá vel í ljós hvar umgengni er til fyrirmyndar og hvar nauðsynlegt er að taka til hendinni í umhverfismálum.

## **Íbúðir fyrir aldraða**

Eðlilega velta margir fyrir sér hvernig staðan er í hugmyndunum um byggingu íbúða fyrir aldraða. Fulltrúar Vegagerðarinnar hafa að undanförunu verið að funda með landeigendum sem eiga land þar sem fyrirhugaður Bakkatúns vegur kemur, en vegurinn er undirstaða þess að hægt sé að hefja byggingarframkvæmdir. Ef og þegar Bakkatúnsvegur verður að veruleika opnast nýtt mikilvægt byggingasvæði á Flúðum. Þetta svæði hefur fyrir löngu verið deiliskipulagt. Við vonum svo sannarlega að samningar náist milli Vegagerðarinnar og landeigenda en hér verður um þjóðveg í þéttbýli að ræða. Sveitarstjórn hefur samþykkt að lána fyrir framkvæmdum við veginn og sýna með því að hugur fylgir máli vegna byggingarframkvæmda fyrir íbúðir fyrir aldraða. En eins og margoft hefur komið fram hefur Sigrún Tómasdóttir ákveðið að gefa land undir íbúðir fyrir aldraða og sýnir það í senn gjafmildi og góðan hug til samfélagsins.

## **Evrópski tungumáladagurinn**

Virðulegur menntamálaráðherra hefur sent bréf til sveitarfélaga til þess að minna á Evrópska tungumáladaginn 26. september n.k. Þar eru skólar og aðrar fræðslustofnanir hvattar til þess að minnst þessa og vekja athygli á mikilvægi tungumálakunnáttu og símenntunar í tungumálum. Þar sem að u.þ.b. 10% íbúa Hrunamannahrepps eru af erlendu bergi brotnir er sérstök ástæða til þess að við íbúar hreppsins og atvinnurekendur geri sér grein fyrir þessu og mikilvægi þess að þeir íbúar sem ætla að ílengjast á Íslandi læri íslensku. Í fyrra héldum við glæsilegan fjölþjóðadag þar sem kynntir voru siðir og hefðir í mismunandi löndum. Við hvetjum til þess að áframhald verði á slíkum degi og köllum eftir áhugasömu fólki í þessum efnunum.

## **Eiríkur í Túnsbergi bregst ekki**

Að vanda hefur Eiríkur í Túnsbergi tekið að sér að yfirfara réttina okkar í Hruna fyrir réttardaginn. Eiríkur er búngóður maður og leggur sig allan fram við að laga það sem hægt er en eins og hreppsþúar þekkja hefur verið mikil umræða að færa réttirnar og reisa þær annarsstaðar. Að vanda er Steinar Halldórsson fjallkóngur. Þegar þetta er skrifað eru smalar á fjalli og við óskum þeim gæfu og góðs gengis í smalamennskunni.

## **Sæluhús rís við Fosslæk**

Eins og fram kemur í forystugrein er í hreppnum okkar mikið af félagslyndum athafnamönnum. ÁSÆLL er félagsskapur áhugasamra einstaklinga sem hafa það m.a. að markmiði að gera upp og endurnýja fjallakofa. Hreppsþúar hafa notið góðs af áhuga og störfum þessara manna. Hrunamannahreppur kemur einnig að fjárhagshlið þessara verkefna. Nú eru Ásælmenn að vinna þrekkviki við Fosslæk. Þeir stefna að því að ljúka verkinu á næsta ári. Helstu hvatamenn að þessu starfi eru þeir Unnsteinn Hermannsson sem er formaður félagsins, Harri Kjartansson, Hilmar Jóhannesson, - Bjarni Valur Guðmundsson, Eiríkur Kristófersson og Gunnar Eiríksson sjálfsagt vantar einhverja í þessa upptalningu en allir þessir menn og aðrir þeir sem að þessu verki hafa komið eiga þakkir skilið fyrir framtakið. Í blaðinu má sjá mynd af Harra þar sem hann geysist um með þússmaskínu í annarri hendi en hamar í hinni!





Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

## Leikskólafréttir


Leikskólinn opnaði aftur eftir sumarfrí 13. ágúst. Vetrarstarfið kemur til með að vera í nokkuð föstum skorðum. Áhersla verður lögð á að efla þátt tónlistar innan leikskólans. Við erum svo lánsöm að hafa innan okkar veggja tvær öflugar tónlistarkonur, þær Halldóru og Freyju sem ætla að styðja við bakið á okkur hinum. Ef einhver á hljóðfæri sem búið er að leggja á hilluna, þá værum við alveg til í að fá dusta af þeim rykið og koma þeim í notkun. Heldur hefur fækkað í barnahópnum okkar miðað við síðustu ár, en 35 börn hófu skólagöngu nú á haustdögum við leikskólann. Við hvetjum ykkur sveitungar góðir til að ráða bót á þessari fækkun! Við höldum engu að síður áfram að þróa og efla það faglega og skemmtilega starf sem hér er unnið. Liður í þeirri vinnu er m.a. að sækja Haustþing leikskólakennara sem býður upp á fjölbreytt námskeið og fyrirlestra. Þingið verður haldið á Selfossi þann 21. september og verður leikskólinn því lokaður þann dag.

Uppskeruhátíð Undralands var haldin 5. september. Mikill atgangur var í garðinum þegar börn og starfsfólk Undralands ásamt nemendum og kennurum 1. bekkjar Flúðaskóla réðst í að uppskera salat og kartöflur. Fimir fingur tíndu kartöflur í gríð og erg og sóttist verkið vel. Uppskeran var mjög góð, stórar og fallelgar kartöflur og salatið kröftugt og bragðgott. Allir fóru heim með salat og kartöflur í poka. Eftir vel unnið verk var dagnaðarforkunum boðið upp á popp og djús. Þess má geta að útsæðið kom frá Magnúsi í Birtingaholti og þökkum við honum kærlega fyrir.

Í leikskólanum er unnið að allrahanda listsköpun og til þess notum við fjölbreyttan efnivið. Margt finnum við í vettvangsferðum sem spennandi er að nota við listsköpunina, annað kaupum við, svo eru líka margir sem koma færandi hendi eftir tiltekt í geymslunni. Ef þið eigið í fórum ykkar; krukkur, tappa, efnisbúta, garn, úr sér gengin rafmagnstæki og fleiri skemmtilega hluti sem þið eruð hætt að nota, þá erum við í leikskólanum tilbúin að þiggja þessa hluti og gefa þeim nýtt hlutverk.

Fyrir þá sem vilja fræðast enn frekar um leik okkar og störf í leikskólanum bendum við á heimasíðuna; undraland.is og / eða heimsækja okkur í Undralandið.

Börn og starfsfólk Undralands.



Kaffi-Sel verður opið sem her segir a tímabiliinu 16. til 30. september:

**Fimmtudaga 17.00 til 21.00**

**Föstudaga 11.00 til 21.00**

**Laugardaga og sunnudaga 8.00 til 21.00**

**Lokað mánudaga til miðvikudaga**

**Lokað frá 1. október**

Hægt er að panta fyrir hópa og þá með nokkurra daga fyrirvara í síma 486-6454/486-6690/891-7811 eða á netfangið [info@kaffisel.is](mailto:info@kaffisel.is)

Með þökk fyrir ánægjulegt sumar

**Starfsfólk Kaffi-Sels**

[www.kaffisel.is](http://www.kaffisel.is)

VIOLA snyrtistofa á Flúðum  
Eftirfarandi meðferðir eru í boði  
*Andlitsbað Húðhreinsun*  
*Litun og plokkun Handsnyrting*  
*Fótsnyrting Fördun Vaxmeðferðir*  
Tímabantanir í síma 566-8342  
og 856-1599(Hlíf)

Ásgeir á Kaldbak 70 ára, 27.  
ágúst 2007.

Af mönnum flestum býsna ber  
beygður lítt en glaður.  
Fáum líkur öðrum er  
Ásgeir fjallamaður.

Áður marga hildi háði  
í hugann koma ýmsar myndir.  
Hvort sem var á legi, láði  
litlir karlar bera ei syndir.

Hrifnæmur með harða skel  
með hugsun glögga og skjóta  
Kvaddi Bakkus býsna vel  
búinn með sinn kvóta.

Óvillinn með létta lund  
á lækjar götu sneiðum.  
Átti marga unaðsstund  
upp á Hrunaheiðum.

Barngóður með blíðan róm  
brunar um sveitir víðar.  
Mun því hljóta háan dóm  
hinu megin síðar.

Röggsamur í réttirnar  
ráðagóður handa snar.  
Markagleggstur manna var  
mörgu kom til skila þar.

Flestum er hann tryggða tröll  
tel ég að það vitum öll.  
Og hringir út um víðan völl  
víst þá heyrast rosa köll.

Nú er karlinn kominn á  
klaustur lífið mjög að dá.  
En skildi ekki hin unga þrá  
í hans drauma stundum ná.

Njóttu lífsins langa tíð  
ljósa skjóttum áfram ríð.  
Sem brokkar gróft í brattri  
hlíð  
beitt!onum mót nætur hríð.

Eiríkur Ágústsson 50 ára

Silfurtúnið situr glaður  
síungur og verður lengur.  
Eiríkur er okkar maður  
Eiríkur er góður drengur  
Eiríkur sýslar í ýmsu hér  
Eiríkur ræktar jarðarber.

Höfundur: Jón Hermannsson

## Flúðaleið ehf

Frá 1. september 2007 mun Flúðaleið ehf bæta við sig þjónustu fyrir Landflutninga Samskip í upp-sveitum Árnessýslu. Og mun því eftirleiðis þjónusta Eimskip Flytjanda og Landflutninga Samskip.

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:  
Landflutningar Kjalarvogi s:458-8000 kl. 12:00  
Flytjandi Klettagörðum s:525-7700 kl 13:00

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00  
Flytjandi Gagnheiði 36 s:525-7951  
Landflutningar Austurvegi 69 s:458-8820  
Einnig frá Húsasmiðjunni og Byko  
Flytjum áburð,skeljasand og fóður fyrir alla söluaðila

Nánari upplýsingar eru hjá  
Pálmar í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

*Með von um gott samstarf  
Starfsfólk Flúðaleiðar*



## Frá Bókasafni Hrunamanna

Bókasafnið hefur að geyma fjölbreytt úrval bóka fyrir alla aldurshópa. Bækurnar eru bæði skáldrit og fræðibækur. **Lánstími bóka eru 4 vikur**, nema annað sé tekið fram. Útlán má framlengja með einu símtali (**486 6708**) eða senda tölvupóst á netfangið [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Bókasafnið er áskrifandi að ýmsum tímaritum og er lánstími á nýjstu blöðunum **1 vika**.

Á Bókasafni Hrunamanna er tölva fyrir almenning tengd Internetinu. Gjaldskráin er ½ klukkustund á kr. 100,-.

### Vetraropnun frá 1. sept. – 14. maí:

**Mánudaga Kl. 20-21**

**Þriðjudaga Kl. 16-18**

**Miðvikudaga Kl. 16-18**

**Fimmtudaga Kl. 16-18**

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku - Sjáumst á bókasafninu! J

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **480 5300**

Til sölu Toyota Corolla, árgerð 1997.  
Nýlegur geymir og nýtt í bremsum.  
Verð kr 230.000,-  
Nánari upplýsingar í síma 863 5201

Nú er rétti tíminn til að breyta um lífsstíl.  
Eva Marín Hlynsdóttir  
Sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife. S: 892 6728  
[WWW.eva.topdiet.is](http://WWW.eva.topdiet.is)

## Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungfálfa, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla kálfa.

Eigum alltaf til súrdoðabrjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf  
Gunnbjarnarholti  
480-5600  
[www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)



KAUPÞING

**Hraðbankinn**  
er opinn allan sólarhringinn.

**Afgreiðslutími á Flúðum:**  
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00  
Viðtalstími bankastjóra á  
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. **480-4700.**



## Dans á Flúðum..

### Dans á Flúðum

Nú dönsum við á Flúðum í vetur. Ætlunin er að byrja kennsluna 12. október.

Kennt verður í golfskálanum á Efra-Seli á föstudögum. Kenndir verða barnadansar, freestyle, samkvæmisdansar og gömlu dansarnir.

Innritun og nánari upplýsingar í síma 483-3551 eða gsm 862-3351 eftir kl 17.00.

Síðasti innritunardagur er 30. september.

Anna Berglind, danskennari.



**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í UPPSVEITUM**  
**ÁRNESSÝSLU.**

Brottför frá Reykjavík, Aðalflutningar ehf., Skútu-  
yogi 8. sími: 581-3030. Mánudaga til fimmtudaga  
kl. 13:00, föstudaga kl. 16:00. Á Selfossi hjá Húsa-  
smiðjunni og Byko kl. 14:00 nema föstudaga kl.  
17:00. Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar  
856 1581 Stefán

## Um Fjallskilamál

Á fundi Landbúnaðarnefndar þann 12. ágúst var jafnað niður vinnu-  
framlagi þeirra sauðfjárbænda sem nýta afréttinn.

Þau fjárbú sem eiga fé á fjalli sumarið 2007 gera því eftirfarandi fjall-  
skil:

Auðsholt I	4 leitir
Auðsholt IV	12,5 leitir
Grafarbakki I	9 leitir
Hrepphólar	7 leitir
Núpstún	1 leit
Skipholt III	4 leitir
Skipholt I	1 leit
Haukholt I	1 leit
Hrafnkelsstaðir I	6,5 leitir

Fjallskilasjóður útvegar hey og verður með heitan kvöldmat fyrir allar  
leitir.

Fjallkóngur er Steinar Halldórsson.

Norðurleit fer af stað föstudaginn 7. september.

Suðurleit fer frá Kaldbak laugardaginn 8. September kl 12.00 þeir  
sem aðrar leiðir fara ætli sér sama tíma.

Ætlast er til að fjallmenn komi farangri sínum á viðkomandi trússara:

Suðurleit: Emil á Grafarbakka og

Norðurleit: Eiríkur á Grafarbakka.

Jafnframt er mælt til að skrínur, pokar og töskur verði vel merktar.

Hrunaréttir hefjast kl 10.00 föstudaginn 14. september.

Eftirsafn leggur af stað 10- 14 dögum eftir réttir.

Heiðarsmölun verður 23. september.

*Landbúnaðarnefnd Hrunamannahrepps.*



## **Fjallmenn eru þessir:**

### **Auðsholt I :**

Bogi Pétur Silfurtúni- Suðurleit  
Haukur Már S-Langh. Suðurleit  
Benedikt í Auðsholti- Suðurleit  
Helgi Jóhanness.- Suðurleit

### **Auðsholt IV:**

Steinar Auðsholti- Suðurleit  
Steinar M. Auðsholti- Suðurleit  
Sigurður Kotlaugum.- Suðurleit  
Einar Örn Kotlaugum Suðurleit  
Elvar Logi Túnsbergi- Suðurleit  
Guðríður Reykjadal- Suðurleit  
Hjálmur Borgarási- Suðurleit  
Hjálmur P Borgarási- Eftirsafn  
Úlfar Guðmundss.- Eftirsafn  
Guðmann Langh.koti Norðurleit  
Guðmundur Guðf.-Suðurleit  
????-Eftirsafn

### **Grafarbakki I:**

Bjarni Fossi – Suðurleit  
Sigfríð Reykjaflöt- Suðurleit  
Guðlaugur Reykjafl-Norðurleit.  
Kristján Valur Kotl.- Suðurleit  
Margrét Ísabakka-Norðurleit  
Emil Grafarbakka-trúss suðurleit  
Eiríkur Grafarbakka-trúss norður-  
leit - eftirsafn.

### **Núpstún:**

Páll Núpstúni-Suðurleit

### **Skipholt III:**

Bjarni Valur Skipholti—  
Norðurleit-Eftirsafn  
Jón Skipholti – Norðurleit  
Bragi V Túnsbergi- Norðurleit  
Þorkell Eftirsafn

### **Skipholt I:**

Karl Skipholti.-Suðurleit

### **Haukholt I:**

Þorsteinn Haukh.- Suðurleit

### **Hrafnkelsstaðir I:**

Margrét Friðriksd –Norðurleit  
Halldór Einarss.-Norðurleit/ Eftir-  
safn  
Þórdís Halldórsd.- Norðurleit  
Harri Kjartanss- Suðurleit  
Heimir Málari- Suðurleit  
Bergþóra- Eftirsafn  
Jóhanna Hrafnkelsstöðum.

### **Hrepphólar:**

Ólafur Hrepphólum- Suðurleit-  
eftirsafn  
Oddur Hrepphólum- Suðurleit  
Katrín Hrepphólum-suðurleit  
Guðbjörg Ásatúni-Suðurleit  
Reynir Hurðabaki- eftirsafn  
Gunnar Túnsbergi- Norðurleit

## Opið í vetur og bætt þjónusta í ferðamiðstöðinni

Ferðamiðstöðin mun hafa opið í vetur sem hér segir:

Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 17 til 22.

Föstudaga og laugardaga frá kl. 12 til 22.

Sunnudaga frá kl. 12 til 20.

Bætt framboð af vörum og þjónustu:

Billjardborð verður í salnum.

Boðið verður upp á besta úrval DVD mynda á svæðinu frá og með næstu viku og framboðið stöðugt endurskoðað.

Gott úrval og endurbætt af smáréttum verður í boði, s.s. hamborgarar, heitar pizzusneiðar o.fl.

Nokkrar helstu mjólkurvörur verða á boðstólum.

Práðlaus internet tenging er í boði, án endurgjalds.

Helstu tóbakstegundir verða framvegis á boðstólum í Ferðamiðstöðinni.



## Söngelskar konur athugið

Þá er komið að því að hefja 2. starfsár Uppsveitasystur. Æfingar hefjast mánudaginn 17. september kl. 20.30, í Brautarholti. Kórstjóri fram að áramótum er Stefán Þorleifsson, en síðan er stefnt að því að Magnea Gunnarsdóttir taki við okkur aftur.

Uppsveitasystur er ungur kvennakór í Uppsveitum Árnæssýslu, við leggjum áherslu á léttmeti og gospel. Áhugasamar "söngkonur" endilega komið og verið með.  
Kveðja Stjórnin

Björgunarfélagið Eyvindur er að byrja vetrarstarfið og viljum endilega fá fleiri til að taka þátt í okkar skemmtilega starfi. Við hittumst öll mánudagskvöld í húsi sveitarinnar. Hvernig væri nú að mæta næsta mánudagskvöld.??????

Unglingadeildin Skúli fer líka að hefja sitt vetrarstarf. En nýliðar verða teknir inn þar í Febrúar 2008- það verður auglýst nánar síðar. Ef ykkur langar að vita meira um okkur þá er hægt að fara á síðurnar <http://landsbjorg.is/> , <http://www.blog.central.is/ud-skuli> og <http://blog.central.is/eyvindur> Hlökkum til að sjá ykkur.

Kveðja Meðlimir  
Björgunarfélagsins Eyvindar



## Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggitur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is



### Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantið tíma  
í síma: 486-5535 og **899-9665**.  
Inga Birna.



# VIKA SÍMENNTUNAR

24. – 30. september 2007

**Fræðslunetið og menntamálaráðuneytið bjóða uppá ókeypis erindi og námskeið á Suðurlandi:**

## **Fræðsla og spjall um lesblindu og lesörðugleika.**

- Grunnskólinn **Hellu** mánudaginn 24. september kl. 20-21.30
- Ípróttahúsið Iða **Selfossi** þriðjudaginn 25. september kl. 20-21.30

## **Hvernig get ég notað tölvu? Hvernig getur tölvun nýst þeim sem glíma við lestrar- og skriftarörðugleika?**

Lesþjónn og hjálparforrit kynnt og einnig fyrstu skrefin í tölvunotkun.

- FSu stofa 303 **Selfossi** mánudaginn 24. september kl. 19-21
- Hvolsskóli **Hvolsvelli** miðvikudaginn 26. september kl. 19-21

## **Sköpun – hæfileiki eða eiginleiki?**

Erindi þorvaldar Þorsteinssonar rithöfundar og myndlistarmanns. Forvitnilegt erindi sem höfðar til allra.

- Ípróttahúsið Iða **Selfossi** fimmtudaginn 27. september kl. 20-21.30

## **Fjölmennung og framtíðarsamfélagið**

Hvað er fjölmennung annað en þjóðbúningar og framandi matargerð? Fjallað verður um fjölmenningu og málefni innflytjenda almennt og rýnt sérstaklega í stöðuna á Suðurlandi. Einnig verður rætt um þá erfðleika og tækifæri sem innflytjendur mæta í nýju landi og mikilvægi aðlögunar. Síðast en ekki síst verður farið í það hvernig heimamenn geta tekið þátt í og auðveldað aðlögunarferlið og skapað þannig fjölmennungarsamfélag framtíðarinnar.

- Ípróttahúsið Iða **Selfossi** mánudaginn 24. september kl. 18-19.30
- Félagsheimilið **Flúðum** mánudaginn 24. september kl. 20.30-22

*Allir velkomnir!*

**Vinsamlegast skráið þátttöku í síma 480 8155 eða með tölvupósti [fraedslunet@sudurland.is](mailto:fraedslunet@sudurland.is)**

*Fræðslunet*  
**Suðurlands** 

## Frá Umhverfis og samgöngunefnd.

Nú í september verður plast sótt til bænda og reglulega þar eftir, fyrsta fimmtudag (eftir hádegi) og föstudag í hverjum mánuði. Væntanlega fellur mismikið plast til á bæjum og verður haft samráð við bændur um hve oft þarf að sækja til þeirra.

Nauðsynlegt er að aðgengi fyrir sorpbíl sé gott hvort sem hann er að sækja plast eða losa sorpílát við bæi.

Ef spurningar vakna hafið samband við Tómas Þóri í síma 899 3092 eða Sveitarstjóra í síma 480 6600.

---

### Frá Veiðifélagi Stóru Laxárdeildar:

Þrálátur orðrómur hefur verið í sumar um veiðipjófnað í Stóru Laxá, einkum inni í Laxárgljúfri og reyndar víðar.

Samkvæmt lögum um laxveiði er um skýlaust lögbrot að ræða og ef upp kemst, er farið með það eins og önnur sakamál.

Eðlilega eru leigutakar óánægðir með þennan orðróm, og þess má geta að sennilega er fiskur sem veiddur er löglega í Stóru Laxá, sá dýrasti á landinu í sumar

Við undirrituð viljum allt til vinna að þessum orðrómi verði eytt sem fyrst, ekki síður eigi hann við rök að styðjast, og vonumst eftir að allir sveitungar okkar leggist á eitt til að svo megi verða.

Stjórn Veiðifélags Stóru Laxárdeildar,

Bjarni Einarsson Esther Guðjónsdóttir

Stefán Jónsson

---

Sundlaugin á Flúðum

Opnunartími :

Mánudaga til föstudaga. 16:00-21:00

Laugardaga 10:00-18:00.

Sunnudaga 13:00-18:00

Höfum til sölu sundfatnað, sundgleraugu og fleira



**Opnunartími Versl. Strax .**

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.  
Starfsfólk Versl.Samkaup strax  
á Flúðum.

Starfsmann vantar á kúabú  
Upplýsingar í síma 895 3197

Stórt sófaborð fæst gefins  
Stærð 167cm x 57cm  
Upplýsingar í síma 486 6725

Til sölu  
Nýleg koja, mjög nett H: 140 cm B: 77 cm L: 200 cm  
Upplýsingar Ella Jóna S: 893 6423

**Íþróttahúsið á Flúðum—tækjasalur**

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 15:30-21:00  
Föstudaga: 13:00-20:00

**Sjónvarp til sölu**

Til sölu er ársgamalt 21”sjónvarptæki.  
Verð kr. 15.000(kostar nýtt 26.000)  
Upplýsingar hjá Jóhönnu í síma 616 7627 og 486 6775  
eftir kl. 16:00 á daginn

## Skemmtikvöld—KONUKVÖLD—Gullhreppakonur

Skemmtinefnd Kvenfélags Gnúpverjahrepps ætlar að halda:  
KONUKVÖLD föstudagskvöldið 5. október 2007 í Árnesi  
kl. 20:30. Allar konur í Hrunamanna—Skeiða og Gnúpverja-  
hreppi eru velkomnar. Léttar veitingar í föstu og fljótandi  
gegn vægu gjaldi.

Margt í boði m.a. Kemur Heiðar Jónsson og segir okkur  
ALLT um konur.

Ef tími er til kíkir hann í Tarrot spilin og lítur á skriftina.

Undirfata kynning frá Olympíu—sýning—sala.

Snyrtivörुकynning—sýning—sala.

Lítill aðgangseyrir. Takið kvöldið frá stelpur.

Komum sætar saman.....Skemmtinefndin.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps  
Opnunartími hreppsskrifstofu  
Mánudaga til fimmtudaga  
Frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-16:00.  
Föstudaga frá kl: 09:00-12:30*

### **Barnapössun**

Viljum ráða dagmömmu fyrir hann Magna litla, sem er bæði þægur  
og góður eins og pabbinn. Áhugasamir hafi samband við Jón eða  
Ester í síma 557 5267

### **Góður bíll til sölu**

Til sölu er Nissan Patrol eleganse árgerð 2005 ekinn 51.000.  
Bíllinn er leðurklæddur og mjög vel með farinn.  
Upplýsingar í síma 892 7644

## Í hringiðunni

Enn vil ég koma að þeirri skoðun minni að of fáir skrifi eitthvað hér í Pésann er varðar ýmis málefni í sveitinni okkar. Gleymum ekki að skoðana-frelsi er eitt það dýrmætasta sem við eigum. Hér höfum við "málgagnid" til að skiptast á skoðunum. Því ekki að nota það meira svo að ekki lendi að mestu á sveitarstjóranum að skrifa Pésann.

Mig undrar það allmikið hve fáir stunda sundlaugina á Flúðum svo mjög sem heilsusamlegt er að fara í sund. Vera má að ein af ástaðum þess sé sú að aðgengi er ekki sem best þar sem tröppur eru niður að lauginni. Einhverjir eldri borgarar og fatlaðir setja það e.t.v. fyrir sig og skal ekki furða. Benda má þó á að ókeypis er fyrir okkur sem teljumst "heldri borgarar"

Við bætist að tröppurnar eru stundum hálar að vetrinum. Skil ekki enn hversvegna ekki voru settar heitar lagnir eða blástur undir þann pall og tröppur sem endurnýjaðar voru í fyrra. Var þetta skammsýni, níska eða eitthvað annað?. Mikil mildi er að ekki hafi orðið þar slys þó við hafi legið.

Því set ég þessar línur á blað að sundlaugin var lokuð í fyrravetur á föstudögum og sunnudögum vegna dræmrar aðsóknar. Það ætlast jú auðvitað engin til þess að okkar ágætu stúlkur, sem gætt hafa sundlaugarinnar með ágætum, sitji þar þegar nánast engin kemur til að njóta hollustunnar, nema við þessi fáu sem komum flesta daga. Hvað segja ferðapjónustuaðilar og frístundahúsabúar um þetta?

Sundlaugin á Flúðum á mikla og merka sögu. Hún var formlega vígð 30. maí 1949. Þá var hátíðisdagur í litlu samfélagi, þó kaldur væri. Man ég þann dag vel. Íþróttafulltrúi ríkisins komst ekki til víxlunar sökum ófærðar og ill-viðris á Helliseiði. Ég endurtek, þetta var 30. maí.

Bygging sundlaugarinnar var þrekvirki á þeim tíma sem tók þrjú til fjögur ár. Nánast allt var unnið í höndum af félögum í Ungmennafélagi Hrunanna. Þá gildi hinn eini sanni ungmennafélagsandi enda átti Ungmennafélagið laugina lengi vel og rak sem slíka. Skýring á þeim vandræðatröppum sem við laugina eru er sú að ekkert rafmagn var komið en vatnið láíð renna sjálfrennandi í laugina úr Flúðahver. Vera kann og er ósk mín að ný sundlaug eða vatnagarður komi á Flúðum inna fárra ára. Dætur Pálma í Hagkaup gáfu íbúum Hofsós sundlaug nýlega, líklega er enginn svo ríkur hér því miður. Það er mín áskorun til sveitunga minna að þeir skoði hug sinn um að njóta þeirrar hollustu og ánægju sem fylgir því að stunda sund svo ekki komi til frekari lokunar en nú er.

Sigurður Sigmundsson





Kæri viðtakandi!

Regnbogabörn, fjöldasamtök gegn einelti ætla nú á haustdögum að gefa öllum börnum sem eru að hefja nám í grunnskóla litabókina um Ýmu tröllastelpu. Um er að ræða nýja og endurbætta útgáfu en litabókin hefur þótt prýðis gott fræðsluverkefni um einelti fyrir yngstu börnin.


Það er Prentmet sem gefur bókina til styrktar Regnbogabörnum og eru kennsluleiðbeiningar fyrir kennara með. Kennarar á yngsta stigi eru eindregið hvattir til að nýta sér efni og möguleika bókarinnar til þess að vekja yngstu börnin til umhugsunar um einelti og afleiðingar þess.

Regnbogabörn ætla að fylgja verkinu úr hlaði með því að heimsækja skólana, afhenda bókina í nafni samtakanna og vekja um leið athygli á málefnum sem snerta einelti.

Frekari upplýsingar hjá Regnbogabörnum í síma 545 0100 eða í gegnum tölvupóst  
[valgeir@regnbogaborn.is](mailto:valgeir@regnbogaborn.is)  
[jonpall@regnbogaborn.is](mailto:jonpall@regnbogaborn.is)

Með kveðju og þökk

Valgeir Skagfjörð, framkvæmdastjóri Regnbogabarna  
s. 661 2547  
[valska@simnet.is](mailto:valska@simnet.is)



# Frá Vörðukórnum

Fyrsta æfing haustsins verður miðvikudaginn 19. september kl. 20:30 í Brautarholti á Skeiðum undir stjórn nýs kórstjóra, Eyrúnar Jónasdóttur.

Í vetur er meðal annars fyrirhugað að syngja tónlist úr ýmsum söngleikjum og minnst Jónasar Hallgrímssonar.

Gamlir og nýjir kórfélagar eru hvattir til að mæta og taka þátt í spennandi og skemmtilegu starfi.





Sigurður H Jónsson refa og minkabani á hreindýraveiðum í Breiðdal



Nýi Fosslækjarskálinn, sem ÁSÆLS menn byggðu í sumar . Ljós. Hannibal



Frá Æskulýðsmóti Smára í Torfdal 25. ágúst.

Ljósm.Sig Sigm



Haustuppskera. Reynir Jónsson hampar hér 4,2 kg kálhöfði . Ljósm Sig Sigm